

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 350/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Halldóri Jóni Jóhannessyni**

(Örn Clausen hrl.).

Umferðarlög. Rangar sakargiftir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Jónatan Þór-
mundsson prófessor og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttar-
lögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með áfrýjunarstefnu 25. júlí 1991 skotið
máli þessu til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyng-
ingar á refsingu og lengingar á sviptingu ökuréttinda.

Almennt verður að telja mjög varhugavert, að menn geti sér að
refsilausu samið um, hver taki á sig sök á refsiverðum verknaði,
eða með öðrum hætti haft úrslitaáhrif á það, í hvaða farveg rann-
sókn verknaðar og málsmeðferð beinist. Ákvæði 1. mgr. 148. gr.
almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður þó að skýra svo sam-
kvæmt orðalagi þess og tilgangi, að þeim manni verði ekki refsað,
sem ber annan mann röngum sökum með samþykki hans. Þótt
óljóst sé um efni og viðfeðmi þess samþykkis, sem ákærði ber fyrir
sig, verður hann að njóta vafa í sakarmati um huglæga afstöðu sína
til þessa atvika, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opin-
berra mála.

Með ofangreindum athugasemdum og að öðru leyti með vísan
til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir eftir atvikum að leggja allan áfrýjunarkostnað málsins
á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar
með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir
Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.

Dómur sakadóms Keflavíkur 10. júní 1991.

Ár 1991, mánudaginn 10. júní, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90/1347: Ákærvaldið gegn Halldóri Jóni Jóhannessyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissóknara, dags. 29. apríl 1991, á hendur Halldóri Jóni Jóhannessyni, Suðurgötu 29, Keflavík, kt. 150968-4969, fyrir eftirgreind brot á árinu 1990:

I.

„Fyrir að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) sunnudaginn 20. maí bifreiðinni Þ-96 frá Suðurvöllum 18, Keflavík, að Hólmgarði 2,

2) að kvöldi föstudagsins 3. ágúst bifreiðinni R-451 austur Suðurlandsveg í Árnessýslu með allt að 132 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafanum vestan Kamba,

3) laugardaginn 4. ágúst sömu bifreið úr Breiðholti áleiðis til Laugarvatns, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans skammt austan Gunnarshólma við Reykjavík,

4) aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst bifreiðinni LG 380 suður Hafnarfjarðarveg í Engidal í Hafnarfirði í myrkri, engri lýsingu og yfir gangbraut með allt að 104 kílómetra hraða miðað við klukkustund,

5) að kvöldi föstudagsins 5. október bifreiðinni K 3215 úr Garði til Keflavíkur, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Aðalgötu við Heiðarbrún.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og liður 2 auk þess við 2. mgr. 37. gr. og liður 4 við 1. og 2. mgr., staflíði a, b og d, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

II.

Fyrir að hafa, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða vegna umferðarlaga-brota hans samkvæmt liðum 2 og 4 hér á undan, sagst vera Þorlákur Magnús Gunnarsson, Ásabraut 4, Keflavík, með kennitöluna 231266-4459, og því leitast við að koma því til leiðar, að Þorlákur Magnús yrði sakaður um brotin, sem síðan gekk eftir, því að Þorlákur Magnús var svo kallaður í sakadóm og sakaður um þau.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

I. kafli ákæru.

Sunnudaginn 20. maí 1990 kl. 16.35 voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni KS-682 við eftirlitsstörf í Keflavík, og var ekið eftir Vesturbraut til austurs. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni Þ-96 og að ökumaður hennar var ákærði, sem var sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 9.11. 1989. Ók hann bifreiðinni að Hólmgarði 2 og stöðvaði þar aksturinn. Var ákærði þar færður yfir í lögreglubifreiðina og niður á lögreglustöð til skýrslutöku.

Föstudaginn 3. ágúst 1990 kl. 22 voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni KZ-770 við hradamælingar á vegarkafla vestan Kamba. Var þá bifreiðinni R-451 ekið austur Suðurlandsveg í öfuga átt við akstursstefnu lögreglubifreiðarinnar á 132 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarks hraði á umræddum vegi er 90 km á klukkustund. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður. Ökumaður, ákærði í þessu máli, gaf þá upp nafnið Þorlákur Magnús Gunnarsson, til heimilis að Ásabraut 4, Keflavík. Aðspurður um ökuskírteini kvaðst hann hafa gleymt því heima, en sagði ökuréttindi vera í lagi og fyrst útgefin í Keflavík.

Laugardaginn 4. ágúst rétt eftir kl. 14 var lögreglan við eftirlitsstörf, og var ekið vestur Suðurlandsveg. Veittu lögreglumenn þá athygli bifreiðinni R-451, sem ekið var í austur. Þar sem lögreglan á Selfossi hafði lýst eftir bifreiðinni vegna grunar um, að ökumaður væri ölvaður, var henni veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður skammt austan Gunnarshólma. Höfðu lögreglumenn tal af ökuþingi, ákærða í máli þessu. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til skýrslutöku. Að því loknu var hann færður á slyshadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis, en vínandamagn í blóði ákærða reyndist innan leyfilegra marka. Ákærði hafði hins vegar ekki réttindi til aksturs, þegar umræddur akstur átti sér stað.

Laugardaginn 18. ágúst kl. 3.30 voru lögreglumenn í lögreglubifreiðinni KR-900 við hradamælingar á vegarkafla í Engidal. Var þá bifreiðinni LG 380 ekið suður Hafnarfjarðarveg á 104 km hraða, en hámarks hraði á vegi er 60 km miðað við klukkustund. Myrkur var, engin lýsing og yfir gangbraut að fara. Var akstur bifreiðarinnar því stöðvaður. Ökumaður var ákærði í máli þessu, en gaf upp nafnið Þorlákur Magnús Gunnarsson og heimili Ásabraut 4, Keflavík.

Föstudaginn 5. október kl. 22.10 veitti lögreglan athygli akstri bifreiðarinnar K-3215, sem ekið var eftir Hringbraut í Keflavík, en ökuþingi hennar, ákærða í þessu máli, þekktu þeir fyrir að vera sviptan ökuleyfi. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Garði og hafa verið á leið til Reykjavíkur. Ákærði var færður á lögreglustöð til skýrslutöku.

Ákærði kom fyrir dóm 30. maí sl. Hann viðurkenndi þá, að framangreind ákæruatriði væru rétt.

Með því að aka próflaus hefur ákærði brotið gegn l. mgr. 48. gr. laga

nr. 50/1987, og með því að aka yfir löglegum hámarkshraða varðar akstur sá, er lýst er í lið 2, við 2. mgr. 37. gr. og akstur sá, er lýst er í lið 4, við 1. mgr. 36. gr. og staflíði a, b og d í 2. mgr. sömu greinar og 37. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 50/1987, allt sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga og 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

II. kafli ákæru.

Fimmtudaginn 1.11. 1990 kl. 15.20 var Þorlákur Magnús Gunnarsson mættur samkvæmt boðun til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Kannaðist hann þá ekki við að hafa verið tekinn fyrir of hraðan akstur á bifreiðunum LG-380 og R-451. Sagðist Þorlákur Magnús hafa komist að því eftir krókaleiðum, að nafn sitt hefði notað Halldór Jóhannesson, ákærði í máli þessu. Ákærði var nú boðaður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu. Í þeirri yfirheyrslu, sem fram fór 16.11. 1990, kannaðist ákærði við að hafa í tvígang verið tekinn fyrir of hraðan akstur, þ.e. 3. ágúst 1990 á bifreiðinni R-451 og 18. ágúst 1990 á bifreiðinni LG-380. Hafi hann þá notað nafn kunningja síns, Þorláks Magnúsar, til að freista þess að losna frá málunum, þar sem hann hafi verið sviptur ökuleyfi. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða við þessa yfirheyrslu og undirrituð af honum, er haft eftir ákærða, að seinni hluta júlímánaðar 1990 hafi Þorlákur Magnús þurft á bilstjóra að halda, og hafi ákærði þá tekið að sér að aka fyrir hann, þótt sviptur ökuréttindum væri. Síðan er haft orðrétt eftir ákærða: „Þá lærði ég kennitölu Þorláks í þeim tilgangi að nota hana, ef ég yrði stöðvaður við aksturinn. Til þess kom ekki þá, en þegar ég var stöðvaður síðar, notfærði ég mér kennitölu og nafn Þorláks.“

Við yfirheyrslu 30. maí sl. hér fyrir dómi kveður ákærði þessa skýrslu ekki alls kostar rétta. Hann segir, að Þorlákur Magnús hafi við umræddan akstur í júlímánuði sagt við sig, að ákærði gæti lært kennitölu sína og nafn og gefið upp, ef hann yrði stöðvaður, og sagst hafa gleymt ökuskirteini. Ákærði er því næst spurður, hvort hann telji, að þessi heimild frá Þorláki Magnúsi hafi tekið til þessa eina aksturs í júlímánuði eða hvort Þorlákur hafi veitt honum heimild til að nota nafnið oftari. Þessu svarar ákærði: „Hann sagði bara við mig, að ég mætti nota þetta, og ef ég yrði stöðvaður, þá myndi hann bara láta mig víta, þegar hann fengi kvaðningu um, að hann ætti að borga sekt, og þá myndi ég bara borga honum sektina og hann greiða hana.“ Síðan hafi slest upp á vinskapið hjá þeim í nokkurn tíma, svo að Þorlákur hafi hætt við að gangast við akstrinum.

Vitnið Rúnar Lúðvíksson rannsóknarlögreglu maður kom fyrir dóminn, en hann tók umrædda lögregluskýrslu af ákærða. Framburður hans er í samræmi við ádurgreinda lögregluskýrslu. Hann segir ekkert hafa komið

fram við töku hennar um, að ákærði hafi haft heimild til þess að nota nafn Þorláks oftari en í umrætt skipti í júlímánuði.

Vitnið Þorlákur Magnús Gunnarsson var yfirheyrt hér fyrir dómi 10. júní sl. Hann kveðst ekki muna eftir umræddum akstri í júlímánuði 1990. Hann var spurður, hvort hann myndi eftir því að hafa gefið Halldóri leyfi til að nota nafn sitt og kennitölu. Vitnið svaraði: „Já, ég sagði við hann, að ef brýnt lægi við, að hann þyrfti að nota bíl, þá mætti hann nota nafn mitt og kennitölu, svo framarlega sem hann væri löglegur, sem sé ekki við of hraðan akstur eða annað slíkt.“ Þetta leyfi segist vitnið hafa gefið fyrir ágúst 1990. Vitninu er bent á, að því hafi verið kunnugt um, að ákærði var sviptur (sic), svo að akstur yfir höfuð hafi ekki getað verið löglegur hjá honum. Vitnið telur ákærða hafa misnotað leyfi sitt, bæði notað það í of miklum mæli og með því að vera þar að auki að brjóta af sér annað fyrir utan að aka próflaus.

Dómurinn telur, að ekki verði hafnað þeirri fullyrðingu ákærða, að fyrir hafi legið samþykki Þorláks Magnúsar Gunnarssonar fyrir, að ákærði notaði nafn hans og kennitölu, ef hann yrði stöðvaður, til að freista þess að komast undan refsingu fyrir að aka próflaus. 148. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er lýtur að röngum sakargiftum, er bæði sett til verndar opinberum hagsmunum og einkahagsmunum þess, sem sakir eru bornar á. Þegar þessir hagsmunir vegast á, verður þó að telja, að einkahagsmunirnir megi sín meira, þannig, að fyrir fram gefið samþykki þess, sem sakir eru á bornar, verki sem refsileysisástæða. Styrkir þá niðurstöðu áskilnaður greinarinnar um, að ásetningur brotamanns sé sá að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Ekki hagar það þessari niðurstöðu, þó að Þorlákur Magnús hafi ætlað leyfið einhverjum skilyrðum bundið, enda ekki í ljós leitt, að ákærði hafi verið þessi skilyrði kunn, en hins vegar var Þorláki ljóst, að ákærði var sviptur ökuréttindum og akstur hjá honum því í öllu falli ólöglegur. Verður ákærði því sýknaður af ákæru fyrir brot samkvæmt II. ákærulið.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum refsingum:

- 1984 10/9 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 10.9. '84.
- 1984 10/12 Gullbringus., Keflavík. Dómur: Fangelsi 1 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl.
- 1987 11/11 Sakadómur Rvík. Sátt: 2.340 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1989 9/11 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 35.000 kr. sekt f. brot g. 37., 2., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökul. 14 mán. frá 9/11 '89.

1991 7/1 Sakadómur Rvík. Sátt: 33.000 kr. sekt f. brot g. 37. og 48. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga skal svipta ákærða ökuleyfi í tvo mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Verjandi ákærða hefur krafist þess hér fyrir dómi, að ákærða verði ekki gert að greiða kostnað vegna töku og rannsóknar blóðsýnis, þar sem vín-andamagn í blóði reyndist innan leyfilegra marka samkvæmt 45. gr. laga nr. 50/1987. Á þetta er fallist af dóminum og kostnaður þessi, samtals kr. 3.585, lagður á rikissjóð. Dæma ber ákærða til greiðslu alls annars málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., kr. 45.000, og saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 35.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Jón Jóhannesson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kostnaður við töku og rannsókn blóðsýnis, kr. 3.585, greiðist úr rikissjóði. Ákærði greiði allan annan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clasen hrl., kr. 45.000, og saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 35.000.
